

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 — 1981

Nr. 479.

758

19. ágúst 1981.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka um 8,9% frá og með 1. september 1981 frá því sem þær voru í ágúst 1981.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. ágúst 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 480.

18. ágúst 1981.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um fjarskipti á skipum nr. 432 15. okt. 1979.

1. gr.

Aftan við 4. gr. 1 komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau loðnuveiðiskip, sem falla undir 2. flokk og ekki hafa aðstöðu fyrir loft-skeytamann, fá frest frá gildistöku reglugerðar þessarar til 31. desember 1981 til að koma upp loftskeytaklefa með tilheyrandi búnaði og ráða loftskeytamann.

Samgönguráðuneytið, 18. ágúst 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.